

Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. október 2023

**Efni: Umsögn prests innflytjenda og flóttafólks um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (afnám þjónustusviptingar), þskj. 113, mál nr. 113**

Undirritaður er prestur innflytjenda og flóttafólks og vinnur að málefnum fólks á flóttá á vettvangi söfnuða Þjóðkirkjunnar.

**Almennar athugasemdir**

Frumvarp þetta er stutt og tilgangur þess er einn, sá að afturkalla þær breytingar í útlendingalögnum frá vorinu 2023 er varða sviptingu réttinda umsækjenda um alþjóðlega vernd, þegar 30 dagar eru liðnir frá endanlegri synjun umsóknar viðkomandi.

Undirritaður er sammála því markmiði og styður þetta frumvarp.

Eins og kunnugt er voru mörg andmæli við lagabreytingar sem miðuðust við að svipta fólk sem fær synjun við umsókn sinni, réttindum um grunnþjónustu. Undirritaður skilaði sjálfur eftirfarandi athugasemd við breytingartillöguna á sínum tíma.

„(...) réttur umsækjenda um alþjóðlega vernd verði felldur niður 30 dögum eftir birtingu endanlegrar ákvörðunar í máli hans á stjórnslustigi, muni hafa afar neikvæð áhrif á þá einstaklinga sem falla undir ákvæðið. Ef breytingin nær fram að ganga þá þýðir það að grundvallarþjónusta er varðar heilsu, öryggi og velferð verður tekin frá viðkomandi einstaklingum sem þurfa þá að leita skjóls á götunni, hafi þau ekki yfirgefið landið sjálfviljug. Að okkar mati hlýtur slík framkvæmd af hálfu ríkisins að stangast á við grundvallarstefnu íslensku þjóðarinnar sem byggir á virðingu fyrir mannréttindum og skyldu okkar til að standa vörð um velferð allra sem dvelja á landinu. (...)

Það er ljóst að verði þessi 6. grein (*ath.* sem varðar um sviptingu réttinda) samþykkt óbreytt þá muni íslenska ríkið gerast sekt um brjóta gegn þeim mannréttinasáttmálum sem stjórnvöld hafa fullgilt og heitið að virða." (úr umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (alþjóðleg vernd), þingskjal 400 – 382. mál, 153. löggjafarþing 2022-2023)

Margir aðilar tjáðu áhyggjur sínar um viðkomandi réttindasviptingu í svipuðum tón. Engu að síður var frumvarpið samþykkt með lagaákvæði um réttindasviptingu.

Og nú eru áhyggjur okkar orðnar að raunveruleika eins og allir sjá. Synjun á réttindum flóttafólks á grunnþjónustu veldur ekki aðeins gríðarlegum erfiðleikum fyrir það sjálft, heldur líka einnig mikilli óánægju almennings, sem og ófrið og ringulreið innan sveitarfélaga og stjórnvalda Íslands.

Undirritaður telur að það sem blasir nú við augum okkar, sanni að áður nefndar breytingar sem svipta flóttafólk réttindum á grunnþjónustu, voru illa undirbúnar og byggðar á vanþekkingu. Því eiga þær að verða afturkallaðar og og felldar úr gildi.

Guð blessi Alþingi Íslendinga og mikilvæg störf þess.

Reykjavík, 6. október 2023

Toshiki Toma

prestur innflytjenda og flóttafólks

v. Breiðholtskirkju

Þangbakka 5, 109 Reykjavík

toshiki@toma.is

779-7123

